

## **Ályktunartillögur stjórnar Klappa Grænna Lausna hf.**

fyrir aðalfund félagsins þann 27. apríl 2022

### **Dagskrárliður 3**

#### **Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins**

Stjórn leggur til að ársreikningur fyrir árið 2021 verði samþykktur.

Ársreikningur félagsins vegna ársins 2021 er aðgengilegur á vefsíðu Klappa Grænna Lausna hf. [www.klappir.com/fjarfestar](http://www.klappir.com/fjarfestar)

Ársreikningurinn verður kynntur af forstjóra félagsins, Jóni Ágústi Þorsteinssyni.

### **Dagskrárliður 4**

#### **Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig skuli fara með hagnað eða tap ársins 2021**

Stjórn leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til hluthafa en að hagnaður ársins verði færður til hækkunar á eigin fé félagsins.

### **Dagskrárliður 6**

#### **Kosning endurskoðunarfélags**

Stjórn leggur til að Deloitte ehf., og Birna María Sigurðardóttir endurskoðandi sem þar starfar, verði endurkjörð endurskoðunarfirma félagsins.

### **Dagskrárliður 7**

#### **Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna**

Lagt er til að stjórnarlaun verði óbreytt eða sem nemur kr. 50.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund.

### **Dagskrárliður 8**

#### **Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins**

Stjórn leggur til að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt óbreytt.

## Dagskrárliður 9

### **Tillaga stjórnar til aðalfundar um tillögu til breytinga á samþykktum félagsins**

Stjórn leggur til að gildandi heimild stjórnar, skv. gr. 2.01.5 samþykktá félagsins, til að ákveða hækkun á hlutfé félagsins í B-flokki hlutabréfa verði framlengd um 18 mánuði.

Eftistöðvar hækkunarheimildar stjórnar eru nú kr. 29.857.591 af upphaflegri heimild að fjárhæð kr. 50.000.000 að teknu tilliti til kaupréttarkerfis. Tillaga stjórnar snýr að því að þessi heimild verði framlengd um 18 mánuði frá dagsetningu aðalfundar félagsins 2022.